



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2021

GRTE1FB05 Grunnteikning 2

Kennari	Svanur Ingvarsson	Sk.st.	SI
----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist áframhaldandi almenna þekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin þætti: Flatarteikningu, fallmyndun og yfirborðsútflatninga og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist frekari færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda og myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina. Þjálfist í lestri og gerð vinnuteikninga, fríhendisrissteikninga, gerð flatarmynda og útflatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum.

Undanfari: GRTE1FA05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Lestri teikninga
- Gerð vinnuteikninga
- Gerð flatarmynda
- Gerða útflatninga
- Gerð fríhendisrissteikninga

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja teikniáhöld
- Velja línugerð
- Velja tákn

- Vinna fallmyndir
- Vinna útflatninga
- Vinna þrívíðar myndir
- Allt samkvæmt fyrirmælum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis

Námsefni:

1. **GRUNNTEIKNING II**, (Mappa með teikniverkefnum og skýringum)

2. Teikniáhöld sem hér segir:

T - reglustrika, 40 sm

Teiknihorn, 45° og 60°

Sirkill

Línuveiðari

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5mm eða 2 mm, 2H og 4H

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu með penna. Að því loknu kvittar kennari í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu.

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

Vika	GRTE1FB05 – Verkefni vor 2021	
1. vika 7.-8. jan	Kynning	
2. vika 11.-15. jan	Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7	Flatarteikning
3. vika 18.-22. jan	Verkefni 8, 9, 10, 11, 12, 13	
4. vika 25.-29. jan	Verkefni 14, 15, 16, 17, 18, 19	Skilaverkefni 1- nr. 16
5. vika 1.-5. feb	Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6	Fallmyndun 2 og útflatningsmyndir
6. vika 8.-12. feb	Verkefni 7, 8, 9, 10, 12	Skila möppu – 1. hluta af 3 (30 verkefni)
7. vika 15.-19. feb	Verkefni 13, 14, 15, 16, 17, 18	Skilaverkefni 2- nr. 17 Kátir dagar 17. - 18. feb
8. vika 22.-26. feb	Verkefni 19, 20, 21, 22	Miðannarmat

9. vika 1.-5. mars	Verkefni 23, 24, 25, 26	Opið hús 2. mars, Áfangamessa 3. mars
10. vika 8.-12. mars	Verkefni 29, 30	
11. vika 15.-19. mars	Verkefni 32, 35	Skilaverkefni 3-nr. 32, Mappa 2/3 (18 verkefni), Valdagur 10. Flóafár 19. mars
12. vika 22.-26. mars	Fríhendisteikning	
	Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12	Páskafrí 29. mar- 6. apr
13. vika 7.-9. apr	Verkefni 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19	Skilaverkefni 4-nr. 18
14. vika 12.-16. apr	Verkefni 20, 21, 22, 23, 24, 25	
15. vika 19.-23. apr	Verkefni 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32	Skilaverkefni 5- nr. 30
	Sumardagurinn fyrsti 22. apr	
16. vika 26.-30. apr	Verkefni 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39	
17. vika 3.-7. maí	Síðasti kennsludagur 7. maí	Mappa 3/3 (39 verkefni), klára möppu
18. vika 10.-14. maí	Námsmat	
19. vika 17.-22. maí	Námsmat 17.,- sjúkrapróf 18.,- birting námsmats 19.,- brautskráning 22. maí	

Sérreglur áfangans

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa skilað öllum skilaverkefnum og lokið a.m.k. 80% af tilskyldum verkefnum möppunnar og kennari samþykkt þau.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	50%
Skilaverkefni	Skilaverkefni og/eða próf af og til alla önnina	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.